

Ár 2008, miðvikudaginn 16. júlí, kom úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, sem starfar samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, saman til að kveða upp úrskurð í máli nr. 9/2008:

A  
og  
B.

Úrskurðinn kveða upp Dögg Pálsdóttir hrl., formaður, Arnfríður Einarsdóttir lögfræðingur og sr. Hreinn Hákonarson.

Upp er kveðinn svohljóðandi

## ÚRSKURÐUR:

### 1. MÁLSAÐILAR

Málshefjandi er A, sbr. erindi hans til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar dags. 28. apríl 2008. Erindi málshefjanda beinist að B.

### 2. KRÖFUGERD

Málshefjandi krefst þess að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar ákveði að gagnaðili hafi gerst sekur um siðferðis- og agabrot í starfi og grípi til viðeigandi úrræða gagnvart honum. Jafnframt krefst málshefjandi þess að gagnaðila eða staðgengli hans verði falið að beita sér fyrir lausn mála vegna krafna málshefjanda um bætur úr hendi þjóðkirkjunnar.

### 3. MÁLAVEXTIR

Málavöxtum lýsir málshefjandi svo að haustið 2006 hafi kirkjan byrjað störf innan grunnskóla dóttur hans með svokallaðri Vinaleið. Málshefjandi telur starfsemina stangast á við aðalnámskrá grunnskóla, grunnskólalög og mannréttindalög. Hann hafi beitt sér fyrir því að Vinaleiðin hafi verið aflögð og hafi sú barátta kostað mikinn tíma, fé og fyrirhöfn. Þá hafi hann vegna baráttunnar orðið fyrir töluverðri áreitni, sem skilgreina megi sem mismunun vegna trúarbragða. Málshefjandi heldur því fram að gagnaðili hafi lagt sig fram um að skapa mjög óvinveitt viðhorf í sinn garð og annarra gagnrýnenda og það hafi gagnaðili gert með óviðeigandi hætti.

Málshefjandi segist hafa sent gagnaðila bréf 7. apríl 2008 og bent honum á framangreint og fleiri atriði og krafist skaðabóta vegna ólögætrar meingerðar gegn frelsi sínu, friði og persónu. Jafnframt hafi hann boðið sættir í málinu. Í bréfinu hafi málshefjandi gefið tveggja vikna frest til að fallast á bótakröfuna, ella lfti hann á það sem höfnun og muni bregðast við í samræmi við það.

Erindi málshefjanda barst síðan úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar 5. maí 2008 en það er dagsett 30. apríl s.á.

### 4. NIÐURSTADA

Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar segir að rísi ágreiningur á kirkjulegum vettvangi eða ef starfsmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum

um siðferðis- eða agabrot þá geti hver sá sem hagsmuna á að gæta borið málið undir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar, sbr. 13. gr. sömu laga.

Sérstakar starfsreglur hafa verið settar um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 730/1998. Samkvæmt 5. gr. starfsreglnanna skal úrskurðarnefndin, þegar beiðni um úrlausn hefur borist henni, meta hvort úrlausnarefnið heyri undir nefndina. Í því felst að meta hvort úrlausnarefnið teljist ágreiningur á kirkjulegum vettvangi eða hvort um siðferðis- eða agabrot sé að ræða.

Í úrskurði sínum vegna mála 2, 3 og 4/2008 komst áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar að því að ágreiningur á kirkjulegum vettvangi skyldi telja ágreining innan þjóðkirkjunnar en ekki ágreining milli þjóðkirkjunnar eða einstakra starfsmanna hennar og þeirra sem standa utan hennar. Í siðferðis- og agabroti felsti þegar einhver sem hagsmuna á að gæta sakar starfsmann þjóðkirkjunnar um slíkt brot.

Kröfugerð málshefjanda er sprottin af óánægju hans með samstarf þjóðkirkjunnar og grunnskóla vegna svokallaðrar Vinaleiðar. Í málum 2, 3 og 4/2008 fjallaði áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar um það samstarf. Í úrskurði áfrýjunarnefndar vegna þessara mála segir:

„... Áfrýjunarnefnd hefur aflað gagna er leiða í ljós að ályktað hefur verið um svonefnda „Vinaleið“ á kirkjuþingi sem skv. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 78/1997 hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar. Einnig hefur verið fjallað um málið í kirkjuráði sem skv. 24. gr. laganna fer með framkvæmdarvald í málefnum þjóðkirkjunnar. Þá er hér um að ræða samstarf þjóðkirkjunnar og grunnskóla með samþykki stjórnenda skólanna. Samkvæmt því [...], lítur áfrýjunarnefnd svo á að kærandi geti ekki borið lögmæti eða réttmæti þessa samstarfs undir úrskurðarnefnd. ...”

Krafa málshefjanda lýtur að því að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar viðurkenni að þjóðkirkjan sé bótaskyld gagnvart honum vegna baráttu hans gegn svokallaðri Vinaleið. Má af málalátibúnaði málshefjanda ráða að hann telji að samvinna þjóðkirkjunnar og grunnskóla um Vinaleiðin hafi verið ólögmæt og í henni falist sérstakt brot gegn honum persónulega. Áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar hefur komist að því að Vinaleiðin sé samstarf þjóðkirkjunnar og grunnskóla með samþykki þar til bærra yfirvalda bæði þjóðkirkjunnar og grunnskólanna. Ekki verður því séð með hvaða hætti þessi samvinna geti talist ólögmæt. Því síður verður séð að í þessari samvinnu felist ólögmæt meingerð gegn gegn frelsi, friði og persónu málshefjanda.

Þegar af þessum ástæðum telur úrskurðarnefndin að efnisleg umfjöllun um erindi málshefjanda falli ekki undir nefndina.

Erindi málshefjanda er vísað frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar ákvað að biða með afgreiðslu erindisins þangað til fyrir lægi niðurstaða áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar vegna mála nr. 2/2008, 3/2008, 4/2008 og 5/2008. Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar vísaði öllum málunum frá nefndinni og málshefjandi skaut þeirri niðurstöðu til áfrýjunarnefndarinnar.


#### Úrskurðarorð:

Vísað er frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar kröfu málshefjanda A um að B hafi gagnaðili gerst sekur um siðferðis- og agabrot í starfi og grípi til viðeigandi úrræða gagnvart honum.


Vísað er frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar kröfu málshefjanda um að gagnaðila eða staðgengli hans verði falið að beita sér fyrir lausn mála vegna krafna málshefjanda um bætur úr hendi þjóðkirkjunnar.

Úrskurði þessum má skjóta til áfrýjunarnefndar skv. 13. gr. laga nr. 78/1997 innan þriggja vikna frá því að málsaðilum var tilkynnt um hann.<sup>1</sup>

Reykjavík, 16. júlí 2008.



Dögg Pálsdóttir



Arnfríður Einarsdóttir



sr. Hreinn Hákonarson

<sup>1</sup> Skv. 34. gr. starfsreglna nr. 730/1998 greiða málsaðilar að jafnaði allan kostnað við störf áfrýjunarnefndar. Nefndin getur þó ákveðið að fella málskostnaðinn að hluta til eða öllu leyti á annan málsaðila. Ef telja má sanngjart og eðlilegt, eða þyki hagsmunir þeir sem til úrlausnar eru svo mikilvægir eða hafa umtalsverða almenna þýðingu að mati áfrýjunarnefndar, getur nefndin ákveðið að kirkjumálasjóður greiði allan málskostnað.